

febrúar 2000/fjr -gós

## Greiðsluskylda

Á síðasta fundi með efnahags- og viðskiptanefnd var spurt hvort greiðsluskylda ófélagsbundinna til stéttarfélaga samkvæmt lögum nr. 94/1986 fengi staðist ákvæði stjórnarskrár um skatta. Því miður gafst ekki tími til þess að fara ítarlega ofan í málið í skattalegu tilliti en rétt er að benda á eftirfarandi atriði.

Í 1. ml. 2. mgr. 7. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, segir:

"Starfsmaður, sem lög þessi taka til og eigi er innan stéttarfélags samkvæmt lögum þessum, greiði til þess stéttarfélags, sem hann ætti að tilheyra, gjald jafnt því sem honum bæri að greiða væri hann í því, enda fari um laun hans og önnur starfskjör samkvæmt samningum þess samkvæmt nánari ákvörðun fjármálaráðherra eða sveitarstjórnar."

Á ákvæði þetta reyndi í dómi Félagsdóms frá 22. september 1998 í máli nr. 4/1998: Sjúkraliðafélag Íslands gegn íslenska ríkinu og Starfsmannafélagi ríkisstofnana.

Sjúkraliðafélagið krafðist viðurkenningar á því að það færi með samningsaðild fyrir sjúkraliðamenntaðan starfsmann í starfi gæslumanns við Sjúkrahúss Suðurlands. Þannig að starfsmaðurinn tæki laun samkvæmt samningi þess við fjármálaráðherra í stað kjarasamnings Starfsmannafélags ríkisins við fjármálaráðherra. Máli sínu til stuðnings hélt félagið því m.a. fram að sú ráðstöfun sjúkrahússins að greiða félagsgjöld gæslumannsins til Starfsmannafélagsins þrátt fyrir að hann væri ekki félagsmaður bryti í bága við ákvæði stjórnarskrárinnar, Mannréttindasáttmála Evrópu og 4. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur um félagafrelsi.

Dómurinn hafnaði þessum skilningi og sagði að samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 94/1986, bæri umræddum starfsmanni að greiða gjöld til Starfsmannafélags ríkisstofnana, eins og hann væri félagsmaður, en ákvæðið fæli ekki sér skyldu til aðildar að félaginu. Þá sagði dómurinn að skylda til greiðslu gjalda til þess félags, sem færi með samningsaðild fyrir starfsmann bryti hvorki í bága við félagafrelsisákvæði stjórnarskrárinnar, Mannréttindasáttmála Evrópu eða 4. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur.

Samkvæmt framansögðu er ljóst að ákvæði 2. mgr. 7. gr. laga nr. 94/1986 samrýmist ákvæðum um félagafrelsi. Fyrst að svo er verður ekki séð að hægt sé að leggja gjaldið að jöfnu við skatta. Þegar af þeirri ástæðu verður ákvæðið vart talið andstætt ákvæði stjórnarskrárinnar skattlagningu.

Að lokum er rétt að benda á að greiðsluskylda ófélagsbundinna hefur verið rökstudd af stéttarfélögunum með því að um sé ræða gjald til félagsins fyrir samningsvinnuna, sem þeir njóta á sama hátt og félagsmenn. Með því taka laun samkvæmt hlutaðeigandi kjarasamningi hefur hinn ófélagsbundni afnot af samninginum og fær þannig endurgjald í stað greiðslunar.

Greiðsluskylda ófélagsbundinna launþega á almennum markaði þekkist einnig. Hún verður leidd af forgangsréttarákvæðum og ákvæðum kjarasamninga um iðgjöld sem og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.